

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.2.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Ásgeirsson	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Staðfest er að efnismagn á svæðinu er mun minna en í síðasta eftirliti og skipulag betra á svæðinu. Áfram verður fylgst með uppsöfnun hráefnis á svæðinu og gangi mála í tengslum við aðskilnað hráefnisflokka og skipulag svæðisins. Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar að raftækjaúrgangur stóð í kerum utandyra, óvarinn fyrir veðri og vindum og ein athugasemd var gerð er varðar fjarlægðamörk efnishauga frá byggingum.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að staðfesta úrbætur á frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit þann 3. nóvember sl. þar sem þrjú eldri frávik voru staðfest varðandi hreinan aðskilnað hráefis, uppsöfnun brotajárns og að niðurstöður mælinga í frárænnisli voru yfir mörkum. Ekki hafði að fullu verið unnið skv. fyrri úrbótaáætlun og frávik sem tilgreind voru í áformum um áminningu frá 25. ágúst 2015 voru enn útistandandi. Tvö ný frávik voru staðfest í eftirlitinu varðandi magn úrgangs á svæðinu og skil á grænu bókhaldi. Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi almenna umgengni á svæðinu.

Í úrbótaáætlun sem send var rekstraraðila þann 30. janúar sl. kemur fram að búið sé að skipa út 3.400 tonnum af brotamálum frá Akureyri auk umtalsverðs magns af dekkjum og með þessum aðgerðum hafi birgðastöðu svæðisins verið komið undir tilskilin mörk í starfsleyfinu. Reiknað er með að búið verði að koma á góðu skipulagi og aðskilnaði efnishauga á svæðinu í maí 2017.

Staðfest var í eftirlitinu að efnismagn á svæðinu er mun minna en það var í síðasta eftirliti og skipulag svæðisins betra en áður var. Búið er að setja upp steypa steina á milli efnisflokka á a.m.k. 5 stöðum, en bæta þarf þó á lengd veggjanna og hæð sumstaðar. Um 20-30 steinar stóðu á bílaplani fyrir framan svæðið og bíða þess að vera settir upp innan svæðis. Enn vantar þó töluvert uppá að skipulag svæðisins sé gott og gæta þarf þess að aðgreina efnisflokkana betur. Magn dekkja er enn mikið og leggja þarf áherslu á að minnka það magn.

Einnig kemur fram í úrbótaáætluninni að búið sé að taka sýni úr frárænnisli til efnagreiningar skv. gr. 5.3 í starfsleyfi og beðið er eftir niðurstöðum þeirrar greiningar. Niðurstöðurnar verða senda eftirlitsaðila um leið og þær berast rekstraraðila. Fram kemur að grænu bókhaldi fyrir árið 2015 hafi verið skilað en undirritun stjórnar vantar.

Frávik frá

Gr. 2.9 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Sjónvörp og tölvuskjái stóðu í opnum kerum utandyra, óvarðir fyrir veðri og vindum. Spilliefni skulu jafnan geymd innandyra þar sem fráveita er lokuð. Þó er heimil geymsla þeirra utandyra í lokuðum og læstum, lekaheldum gámum án fráveitu. Þess skal gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnum og þá einkum þeim sem kunna að leysast upp í vatni og hafa óæskileg áhrif á efnasamsetningu

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að efnishaugar standa innan við 8 metra frá skemmu og spilliefnageymslu en skv. kröfum Slökkviliðs Akureyrar má ekki staðsetja efni innan við 8 metra frá húsi.

ANNAÐ


Um 12 gámar, bæði opnir og lokaðir stóðu á plani fyrir norðan afgirt svæði rekstraraðila. Efni var í sumum þeirra s.s. bílhræ og plastbambar. Einnig voru þar vinnuvélar til geymslu.

Afrit skýrslu er send til Slökkviliðs Akureyrar.

Reykjavík,

06.03.2017

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir